

Alþjóða kappsiglingareglur


2009 - 2012

Siglingasamband Íslands
Reykjavík

KAPPSIGLINGAMERKI


Merking fána og hljóðmerkja eru fyrir neðan myndirnar. Örvar sem benda upp eða niður ($\uparrow \downarrow$) merkja að fáni er dreginn upp eða tekinn niður. Punktur (•) þýðir hljóðmerki; fimm stutt strik (— — — — —) þýða endurtekin hljóðmerki; langt strik (—) þýðir langt hljóðmerki. Þegar fáni er settur yfir flokkamerki gildir hann aðeins fyrir þann flokk.

Frestunarmerki





AP Keppnum sem ekki eru hafnar er *frestað*.


Viðvörunarmerki verður gefið 1 mínútu eftir að fáninn er tekinn niður nema keppni sé *frestað* aftur eða *hætt við* keppnina.




AP yfir H Keppnir sem ekki eru hafnar er *frestað*. Frekari upplýsingar í landi.




AP yfir A Keppnir sem ekki eru hafnað er *frestað*. Engin frekari keppni í dag.




Fáni 1




Fáni 2



Fáni 3



Fáni 4



Fáni 5




Fáni 6




AP yfir tölufána 1–6 *Frestun* um 1–6 klst. frá upphaflegum rástíma



Merki um að hætt sé við keppni



N Hætt við allar byrjaðar keppnir. Komið á rássvæði. Viðvörunarmerki verður gefið 1 mínútu eftir að fáninn er tekinn niður nema hætt verði þá aftur við keppni eða henni *frestað*




N yfir H Hætt við allar keppnir. Frekari upplýsingar í landi.




N yfir A Hætt við allar keppnir. Engar frekari keppnir í dag.

Undirbúningsmerki.



P
Undirbúnings-
merki



I Regla 30.1
gildir.



Z Regla 30.2
gildir.




Svartur fáni.
Regla 30.3 gildir

Afturköllunar merki



X Afturköllun
einstakra báta.



Fyrsti skiptifáni Almenn
afturköllun. Viðvörðunarkerki
gefið 1 mínútu eftir að fáni er
tekin niður.

Braut stytt




S Braut stytt. Regla
32.2 gildir.

Breyting á næsta legg




C Staðsetningu
næsta merkis hefur
verið breytt




Á stjórnborða



Á bakborða



Leggur stytur



Leggur lengdur

Önnur merki



L Í landi: Tilkynning
til keppenda hefur
verið sett upp.
Á sjó: Komið í
kallfæri við þennan
bát eða eltið þennan
bát



M Hlutur sem
sýnir þetta merki
kemur í stað
tapaðs merkis.



Y Klæðist
flotbúnaði.



(ekkt hljóðmerki)
**Blár fáni eða
form.** Þessi bátur
er staðsettur við
marklínu.

Efnisyfirlit:

| | |
|--|-----------|
| INNGANGUR | 3 |
| GRUNDVALLARREGLA | 4 |
| ÍPRÓTTAMENNSKA OG REGLURNAR | 4 |
| I. KAFLI - GRUNDVALLARREGLUR | 4 |
| 1 ÖRYGGISATRIÐI | 4 |
| 2 DRENGILEG KEPPNI..... | 4 |
| 3 AÐ GANGAST UNDIR REGLURNAR | 4 |
| 4 ÁKVÖRÐUN UM AÐ KEPPA | 5 |
| 5 BÖNNUÐ EFNI OG AÐFERÐIR | 5 |
| 2. KAFLI. ÞEGAR BÁTAR MÆTAST | 6 |
| HLUTI A. RÉTTUR | 6 |
| 10 Á GAGNSTÆÐUM HÁLSI | 6 |
| 11 Á SAMA HÁLSI, SKÖRUN | 6 |
| 12 Á SAMA HÁLSI, ENGIN SKÖRUN | 6 |
| 13 STAGVENDING | 6 |
| HLUTI B. ALMENNAR TAKMARKANIR | 6 |
| 14 AÐ HINDRA SNERTINGU | 6 |
| 15 AÐ ÖÐLAST RÉTT | 7 |
| 16 AÐ BREYTA STEFNU | 7 |
| 17 Á SAMA HÁLSI, EDLILEG STEFNA | 7 |
| HLUTI C VIÐ MERKI OG HINDRANIR | 7 |
| 18 RÚM VIÐ MERKI..... | 7 |
| 19 RÚM TIL AÐ FARA HJÁ HINDRUN | 8 |
| 20 GEFA RÚM VIÐ HINDRUN | 9 |
| HLUTI D – AÐRAR REGLUR | 9 |
| 21 MISTÖK VIÐ RÁSMARK; TAKA ÚT REFSINGU; AÐ BAKKA | 9 |
| 22 BÁT HEFUR HVOLFT, ER VIÐ ANKERI, STENDUR Á GRUNNI; BJÖRGUN..... | 10 |
| 23 AÐ TRUFLA ANNAN BÁT..... | 10 |
| 25 TILKYNNING UM KEPPNI, KEPPNISFYRIRMÆLI OG MERKJAGJÖF | 11 |
| 26 RÆSING KEPPNI | 11 |
| 27 AÐRAR ÁKVARÐANIR KEPPNISSTJÓRNAR FYRIR RÁSMERKI | 11 |
| 28 BRAUTIN SIGLD | 11 |
| 29 AFTURKÖLLUN | 12 |
| 30 REFSINGAR VIÐ RÆSINGU | 12 |
| 31 AÐ SNERTA MERKI..... | 13 |
| 32 AÐ STYTТА BRAUT EÐA HÆTTA VIÐ KEPPNI EFTIR RÆSINGU..... | 13 |
| 33 NÆSTA LEGG BRAUTARINNAR BREYTT | 13 |
| 34 MERKI VANTAR | 14 |
| 35 TÍMAMÖRK OG SKOR | 14 |
| 36 KEPPNI ENDURRÆST EÐA ENDURTEKIN | 14 |
| 4. KAFLI. AÐRAR KRÖFUR Í KEPPNI | 15 |
| 40 FLOTBÚNAÐUR | 15 |
| 41 UTANAÐKOMANDI AÐSTOÐ..... | 15 |
| 42 KNÚNINGSAFL | 15 |

| | | |
|---|--|-----------|
| 43 | KLÆÐNAÐUR OG BÚNAÐUR KEPPENDA | 16 |
| 44 | REFSING Á ÞEIM TÍMA SEM BROT Á SÉR STAÐ | 16 |
| 45 | AÐ TAKA Á LAND; AÐ BINDA BÁTINN; AÐ VARPA ANKERI | 17 |
| 46 | ÁBYRGÐARAÐILI | 17 |
| 47 | TAKMARKANIR Á BÚNAÐI OG ÁHÖFN | 17 |
| 48 | ÞOKUMERKI OG LJÓS | 18 |
| 49 | STAÐSETNING ÁHAFNAR | 18 |
| 50 | UPPSETNING OG SKAUTUN SEGLA | 18 |
| 51 | FÆRANLEG KJÓLFESTA | 19 |
| 52 | HANDAFL | 19 |
| 53 | NÚNINGSVIÐNÁM | 19 |
| 54 | FRAMSTÖG OG FRAMSEGLSHÁLSAR | 19 |
| 5. KAFLI. KÆRUR, LEIÐRÉTTING, VITNALEIÐSLU, ÓÍPRÓTTAMANNSLEG FRAMKOMA, ÁFRÝJUN | | 20 |
| HLUTI A. KÆRUR OG LEIÐRÉTTING | | 20 |
| 60 | RÉTTUR TIL AÐ KÆRA OG KREFJAST LEIÐRÉTTINGAR | 20 |
| 61 | KRÖFUR VARÐANDI KÆRUR | 20 |
| 62 | AÐ KREFJAST LEIÐRÉTTINGAR | 21 |
| HLUTI B. VITNALEIÐSLUR OG NIÐURSTAÐA | | 22 |
| 63 | VITNALEIÐSLUR | 22 |
| 64 | NIÐURSTÖÐUR | 23 |
| 65 | AÐ UPPLÝSA AÐILA OG AÐRA | 24 |
| 66 | AÐ TAKA VITNALEIÐSLUR UPP Á NÝJU | 24 |
| 67 | REGLA 42 OG KRAFA UM VITNALEIÐSLUR | 24 |
| 68 | TJÓN | 24 |
| HLUTI C – STÓRFELLT MISFERLI | | 25 |
| 69 | MEINT STÓRFELLT MISFERLI | 25 |
| HLUTI D. ÁFRÝJUN | | 26 |
| 70 | ÁFRÝJUN OG BEIÐNI TIL LANDSYFIRVALDS | 26 |
| 71 | NIÐURSTAÐA LANDSYFIRVALDS | 27 |
| 6. KAFLI, SKRÁNING OG HLOTGENGI | | 27 |
| 75 | AÐ SKRÁ SIG Í KEPPNI | 27 |
| 76 | ÚTILOKUN BÁTA EÐA KEPPENDA | 27 |
| 77 | SEGLAMERKINGAR | 27 |
| 78 | FLOKKSREGLUR OG MÆLIBRÉF | 27 |
| 79 | FLOKKUN | 28 |
| 80 | AUGLÝSINGAR | 28 |
| 81 | ANNAR KEPPNISTÍMI ÁKVEÐINN | 28 |
| 7. KAFLI. SKIPULAGNING KEPPNI | | 28 |
| 85 | GILDANDI REGLUR | 28 |
| 86 | BREYTINGAR Á REGLUM | 28 |
| 87 | BREYTING Á FLOKKAREGLUM | 29 |
| 88 | FYRIRMÆLI LANDSYFIRVALDS | 29 |
| 89 | MÓTSHALDARAR, TILKYNNING UM KEPPNI; SKIPUN EMBÆTTISMANNA | 29 |
| 90 | KEPPNISSTJÓRN, KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI OG STIGAGJÖF | 30 |
| 91 | KÆRUNEFNDIR | 30 |

INNGANGUR

Kappsiglingareglur þessar eru í tveim megin hlutum. Í fyrri hlutanum, köflum 1-7 eru reglur sem snerta alla keppendur. Seinni hlutinn er viðaukar A-P með reglum í smáatriðum, reglur sem eiga við um sérstakar tegundir keppni og reglur sem aðeins eiga við um fáa keppendur eða yfirvald.

Endurskoðun Reglurnar eru endurskoðaðar og gefnar út fjórða hvert ár af Alþjóða siglingasambandinu (International Sailing Federation (ISAF) sem er alþjóðlegt yfirvald íþróttarinnar. Þessi útgáfa tekur gildi 1. janúar 2009. Gildistöku má fresta hafi keppni hafist 2008 og þess getið í tilkynningu um keppni og kappsiglingafyrirmælum. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar fyrir árið 2013, en breytingar sem taldar eru áriðandi fyrir þann tíma verða tilkynntar með milligöngu landsyfivalda og auglýstar á heimasíðu ISAF (www.sailing.org).

Sérreglur ISAF Til hlutgengisreglna, auglýsingareglna, alþjóða lyfjareglna og reglna um flokkun siglingamanna (ISAF reglur 19, 20, 21 og 22) er vísað í skilgreiningunni á hugtakinu *regla*, en þær eru ekki þessum bæklingi því þeim má breyta hvenær sem er. Nýjustu útgáfu af reglum má finna á heimasíðu ISAF, nýjar útgáfur eru tilkynntar af landsyfivaldi.

Skýringar og fordæmi. ISAF gefur út túlkanir á kappsiglingareglum í riti sem nefnist *The Case Book for 2009-2012*. Þær eru viðurkenndar af ISAF sem opinberar túlkanir og útskýringar á kappsiglingareglunum. ISAF gefur einnig út *The Call Book for Match Racing for 2009-2012* og *The Call Book for Team Racing for 2009-2012*, og viðurkennir þær einungis í tvíliðakeppni og liðakeppni þar sem dómari er úti á vatninu. Þessar útgáfur eru fánlegar á vefsíðu ISAF.

Orðnotkun. Þegar hugtak er notað þeirri merkingu sem gefin er í skilgreiningunum er það prentað með *skáletri* eða í *feitu skáletri* í formálum (t.d. *kappsigling* og **kappsigling**). Keppnisreglur þýða *alþjóða kappsiglingareglur*. Bátur merkir seglbát og áhöfnina um borð. „Keppnisstjórn“ merkir hvern þann mann eða menn sem koma að stjórn keppni. Breyting á *reglu* felur í sér viðbót við reglu, brottfall að hluta eða alveg. Landsyfivald merkir sérsamband sem er í alþjóðasiglingasambandinu, (ISAF). Önnur orð og hugtök eru notuð í sínum eðlilega skilningi í almennu máli eða sjómannamáli.

Viðaukar. Séu reglur í viðauka í mótsögn við kafla 1-7, gilda reglur og skilgreiningar í viðaukanum Sérhver viðauki er auðkenndur með bókstaf. Tilvitnun í reglu í viðauka er auðkennd með bókstaf og síðan reglunúmeri (dæmi: „regla A1“) Það er enginn viðauki I eða O.

Breytingar á reglum. Fyrirmæli landsyfivalds, flokksreglur, eða kappsiglingafyrirmæli geta breytt reglum, þó aðeins innan þeirra marka sem regla 86 leyfir.

Breyting á fyrirmælum landsyfivalds. Landsyfivald getur takmarkað breytingar á fyrirmælum sínum, sbr. reglu 88.2.

GRUNDVALLARREGLA

ÍPRÓTTAMENNSKA OG REGLURNAR.

Um keppendur í siglingaíþróttinni gilda reglur sem þeim er ætlað að fara eftir og framfylgja. Grundvallarregla íþróttamennsku er að þegar keppendur brjóta gegn *reglu* taki þeir þegar í stað út refsingu, t.a.m. með því að hætta keppni.

I. KAFLI - GRUNDVALLARREGLUR

1 ÖRYGGISATRIÐI

1.1 Að veita aðstoð

Sérhver bátur eða keppandi skal veita öllum bátum eða mönnum, sem eru í hættu staddir, alla þá aðstoð sem aðstæður hans leyfa.

1.2 Öryggisbúnaður og flotbúnaður

Á hverjum bát skulu vera öryggisbúnaður fyrir alla um borð þar með talið einn sem tilbúinn er til notkunar fyrirvaralaust, nema flokkareglur segi til um annað. Hver keppandi er ábyrgur fyrir að klæðast flotbúnaði sem dugar við ríkjandi aðstæður.

2 DRENGILEG KEPPNI

Bátur og eigandi hans skulu keppa eftir keppnisreglum og í samræmi við viðurkenndar siðvenjur heiðarlegrar keppni og íþróttamennsku. Aðeins má refsa bát samkvæmt þessari reglu þegar um er að ræða staðfest og skýlaust brot á áður nefndum siðvenjum. Ef keppanda er vísað frá samkvæmt þessari reglu má ekki undanskilja þá umferð við útreikning á samanlögðum árangri.

3 AÐ GANGAST UNDIR REGLURNAR

Með því að taka þátt í kappsiglingu þar sem þessar reglur gilda, samþykkir sérhver keppandi og bátseigandi:

- (a) að hlíta *reglunum*;
- (b) að samþykkja álagða refsingu og aðrar ákvarðanir teknar samkvæmt *reglunum*, með fyrirvara um þær áfrýjunar- og endurupptökuleiðir, sem í þeim eru ákveðnar, sem endanlega niðurstöðu sérhvers álitamáls sem upp kann að koma samkvæmt þeim; og
- (c) að leita ekki varðandi slíka ákvörðun til dómstóla eða úrskurðaraðila.

4 ÁKVÖRÐUN UM AÐ KEPPA

Ákvörðun um að taka þátt í eða halda áfram *kappsiglingu* skal vera alfarið á ábyrgð hvers seglbáts.

5 BÖNNUÐ EFNI

Keppandi skal hlíta alþjóða lyfjareglum WADA (World Anti Doping Agency) og ISAF reglugerð 21, lyfjareglu ISAF. Um meint eða raunverulegt brot á þessari reglu fer samkvæmt reglugerð 21. Meint brot á reglu þessari er ekki tilefni til kærú og regla 63.1 gildir ekki.

2. KAFLI. ÞEGAR BÁTAR MÆTAST

Reglur í kafla 2 gilda milli báta sem eru að sigla á eða nálægt keppnissvæði og ætla að **keppa**, eru að **keppa** eða hafa verið að **keppa**. Bátum sem ekki eru keppa skal þó ekki refsað fyrir að brjóta þessar reglur, nema reglu 23.1.

Þegar bátur sem siglir samkvæmt þessum reglum mætir skipi sem ekki siglir samkvæmt þeim gilda alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (IRPCAS) eða opinberar reglur einstakra landa um umferðarétt. Sé það tekið fram í kappsiglingafyrirmælum, gilda alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (IRPCAS), eða reglur einstakra landa um umferðarrétt í stað reglna í kafla 2.

HLUTI A. RÉTTUR

Bátur er í rétti þegar öðrum báti er skylt að **víkja** fyrir honum. Þó takmarka nokkrar reglur í B, C og D-hluta athafnir þess báts sem á réttinn.

10 Á GAGNSTÆÐUM HÁLSI

Þegar bátar eru á gagnstæðum hálsi skal bátur á *bakborðshálsi* víkja fyrir bát á *stjórnborðshálsi*.

11 Á SAMA HÁLSI, SKÖRUN

Þegar bátar eru á sama hálsi og með *skörun* skal bátur á *kulborða* víkja fyrir bát á *hléborða*.

12 Á SAMA HÁLSI, ENGIN SKÖRUN

Þegar bátar sigla sama háls en ekki með *skörun* skal bátur sem er *laus fyrir aftan* víkja fyrir bát sem er *laus fyrir framan*.

13 STAGVENDING

Þegar bátur hefur farið fyrir vind skal hann *víkja* fyrir öðrum bátum þar til hann er kominn á beitingu. Meðan á því stendur gilda reglur 10, 11 og 12 ekki. Ef þessi regla á samtímis við um tvo báta, þá skal sá á bakborðshlið hins eða sá sem er fyrir aftan *víkja*.

HLUTI B. ALMENNAR TAKMARKANIR

14 AÐ HINDRA SNERTINGU

Bátur skal hindra snertingu við aðra báta ef þess er nokkur kostur. Bátur sem á rétt eða getur krafist *rúms* eða *rúms við merki*:

- a) þarf ekki að hindra snertingu fyrr en það er ljóst að hinn báturinn *víkur* ekki eða gefur ekki *rúm* eða *rúm við merki*.
- b) hlýtur ekki refsingu samkvæmt þessari reglu nema snerting verði sem veldur tjóni

eða meiðslum

15 AÐ ÖÐLAST RÉTT

Þegar bátur öðlast rétt, skal hann í upphafi gefa hinum bátnum *rúm* til að *víkja* nema ef hann öðlast rétt vegna athafna hins bátsins.

16 AÐ BREYTA STEFNU

16.1 Þegar bátur sem á rétt breytir stefnu skal hann gefa hinum bátnum *rúm* til að *víkja*.

16.2 Nú hefur rásmarki verið gefið og bátur á bakborðshálsi víkur með því að sigla aftur fyrir bát á stjórnborðsháls, skal þá báturinn á stjórnborðshálsi ekki breyta um stefnu ef afleiðingin er sú að báturinn á bakborðshálsi þyrfti þegar í stað að breyta um stefnu til þess að halda áfram að *víkja*.

17 Á SAMA HÁLSI, EÐLILEG STEFNA

Ef bátur sem er *laus fyrir aftan* nær *skörun* hlémegin, innan tveggja eigin bátslengda til *hlés* við bát á sama *hálsi*, skal hann ekki sigla hærra en eðlilega stefnu meðan þeir sigla á sama *hálsi* og *skörun* stendur og eru innan þessar fjarlægðar hvor frá öðrum, nema hann fari strax aftur fyrir *kulborðsbát*. Þessi regla á ekki við ef *skörun* hefst meðan *kulborðsbát* ber að *víkja* samkvæmt 13. reglu.

HLUTI C VIÐ MERKI OG HINDRANIR

Reglur í hluta C gilda ekki við **merki** á ráslínu sem er umflotið siglanlegu vatni, eða akkerislínu þess, frá þeim tíma að bátar nálgast þau til að **hefja keppni** þar til þeir hafa farið fram hjá þeim. Þegar regla 20 gildir, gilda reglur 18 og 19 ekki.

18 RÚM VIÐ MERKI

18.1 Hvenær regla 18 á við:

Regla 18 gildir þegar milli báta sem eiga að fara frá *merki* sömu megin og að minnsta kosti annar þeirra er innan *þriggja bátslengda svæðsi*. Reglan gildir þó ekki:

- milli báta á gagnstæðum *hálsi* á beitingu,
- milli báta á gagnstæðum *hálsi* þegar eðlileg stefna annars, en ekki beggja, til að fara fyrir *merkið* eða *hindrunina* felst í að stagvenda.
- Milli báts sem nálgast *merki* og báts sem er að fara frá því, eða
- ef *merki* er samfelld *hindrun* gildir regla 19.

18.2 Veita rúm við merki

- Þegar bátar *skarast* skal ytri bátur veita innri bát *rúm við merki* nema ef regla 18.2(b) gildi
- Ef bátar *sköruðust* þegar fremsti báturinn kom inn í *þriggja bátslengda svæðið* skal ytri báturinn þá og eftir það veita innri bátnum *rúm við merki*. Ef bátur er *laus að framan* þegar hann nær *þriggja bátslengda svæði* skal bátur sem er *laus að aftan* veita honum *rúm við merki*.

- c) Þegar bátur er skyldur til að veita *rúm við merki* samkvæmt reglu 18.2(b) skal hann halda áfram að gera það jafnvel þó *skörun* rofni eða ný *skörun* myndist. Ef bátur sem á rétt á *rúmi við merki* fer fyrir vind eða yfirgefur þriggja bátslengda svæðið gildir regla 18.2.(b) ekki lengur.
- d) Ef vafi leikur á hvort bátur hafi náð *skörun* eða rofið *skörun* tímanlega skal gert ráð fyrir að svo hafi ekki verið.
- e) Ef bátur sem er *laus fyrir aftan* nær *skörun* innan við hinn bátinn og ef ytri bátur getur ekki veitt *rúm við merki* eftir að *skörun* myndast, ber honum ekki skylda til að veita það.

18.3 Vending þegar bátar nálgast merki

Ef tveir bátar nálguðust merki á gagnstæðum *hálsi* og annar vendir, og skal því hlíta reglu 13, innan þriggja bátslengda svæðisins og hinn báturinn *sækir að merki*, gildir regla 18.2 ekki eftir það.

Báturinn sem venti :

- a) má ekki valda því að hinn báturinn sigli upp fyrir fulla beitingu til að forðast hann eða hindra hinn bátinn frá því að komast fram hjá *merkinu* réttu megin og
- b) skal gefa *rúm við merki* ef hinn báturinn nær *skörun* fyrir innan hann.

18.4 Kúvending

Þegar innri bátur með rétt vegna *skörunar* þarf að kúvenda við *merki* til að sigla eðlilega stefnu, skal hann ekki fara lengra frá *merki*, áður en hann vendir, en nauðsynlegt er til að sigla *eðlilega stefnu*. Regla 18.4 gildir ekki við merki sem er hlið.

18.5 Sýknun

Þegar bátur nýtir *rúm við merki* sem hann á rétt á, skal sýkna hann

- a) ef hann brýtur reglu í hluta A vegna þess að annar bátur gefur honum ekki *rúm við merki*, eða
- b) ef hann brýtur reglu í hluta A eða reglu 15 eða 16 þegar hann fer fyrir *merki* á *eðlilegri stefnu*.

19 RÚM TIL AÐ FARA HJÁ HINDRUN.

19.1 Hvenær regla 19 gildir.

Regla 19 gildir milli báta við *hindrun* nema þegar hún er *merki* sem bátar skulu fara fyrir sömu megin. Ef um *samfellda hindrun* er að ræða gildir regla 19 alltaf en ekki regla 18.

19.2 Veita rúm við hindrun

a) Bátur í rétti ræður hvoru megin við *hindrun* hann siglir.

b) Þegar bátar *skarast* skal ytri bátur gefa innri bát *rúm* milli bátsins og *hindrunar* nema ef hann geti það ekki allt frá þeim tíma sem *skörun* byrjaði.

c) Þegar bátar eru að fara fram hjá *samfelldri hindrun* og bátur sem var *laus að aftan* og á því að víkja nær *skörun* milli hins bátsins og *hindrunar*, og á þeim tíma sem *skörun* hefst getur ekki farið á milli báts og *hindrunar* á ekki rétt á *rúmi* samkvæmt reglu 19,2(b). Meðan á *skörun* stendur skal báturinn *víkja* og reglur 10 og 11 gilda ekki.

20 RÚM TIL AÐ STAGVENDA VIÐ HINDRUN

20.1 Að kalla og svara

Þegar bátur á fullri beitingu eða ofar nálgast *hindrun* getur hann krafist *rúms* til að venda til að forðast annan bát á sama hálsi .

Eftir að bátur kallar,

- a) skal hann gefa bát sem kallað er til tíma til að svara,
- b) bátur sem fær kall skal svara með því annað hvort venda eins fljótt og mögulegt er, eða með svara strax, "ventu" og gefa bátinum sem kallaði *rúm* til að venda og forðast hann, og
- c) eftir að bátur hefur svarað, skal sá sem kallaði venda svo fljótt sem auðið er.

20.2 Sýknun.

Þegar bátur nýtir sér *rúm* sem hann á rétt á samkvæmt reglu 20.1(b) skal sýkna hann ef hann brýtur reglu úr hluta A eða reglu 15 eða 16.

20.3 Hvenær ekki á að kalla

Bátur skal ekki kalla nema öryggi krefjist verulegrar stefnubreytingar til að forðast *hindrun*. Ennfremur skal hann ekki kalla ef *hindrun* er *merki* sem bátur sem kallað er til sækir að.

HLUTI D – AÐRAR REGLUR

Þegar reglur 21 eða 22 eru í gildi, þá gilda reglur A-hluta ekki.

21 MISTÖK VIÐ RÁSMARK; TAKA ÚT REFSINGU; AÐ BAKKA

21.1 Bátur sem er á siglingu í átt að rássvæði ráslínunnar eða aðra framlengingu hennar eftir að rásmerki hans hefur verið gefið, til að *hefja keppni* eða hlíta reglu 30.1, skal *víkja* fyrir bát sem ekki er að gera það þar til hann er kominn allur á rássvæðið.

21.2 Bátur sem er að taka út refsingu skal *víkja* fyrir öðrum bátum.

21.3 Bátur sem bakkar með því að bakvinda seglin skal *víkja* fyrir öðrum sem ekki eru að

bakka.

22 BÁT HEFUR HVOLFT, ER VIÐ AKKERI, STENDUR Á GRUNNI; BJÖRGUN.

Ef mögulegt er skal bátur forðast bát sem hefur hvolft eða sem hefur ekki náð fullri stjórn eftir að hafa hvolft, liggur við akkeri, eða er að reyna að hjálpa manni eða bát sem er í hættu. Bát hefur hvolft ef masturstoppurinn er í vatni.

23 AÐ TRUFLA ANNAN BÁT

- 23.1 Bátur sem ekki er að *keppa* skal ekki trufla bát í *keppni* ef hjá því verður komist.
- 23.2 Bátur skal ekki trufla bát sem er að taka út refsingu eða bát sem er að sigla annan legg nema þá aðeins hann sigli *eðlilega stefnu*.

3. KAFLI. FRAMKVÆMD KEPPNI

25 TILKYNNING UM KEPPNI, KEPPNISFYRIRMÆLI OG MERKJAGJÖF

Fyrir keppni skulu tilkynning um keppni og keppnisfyrirmæli vera til reiðu fyrir hvern bát. Merkingu sjón- og hljóðmerkja eins og henni er lýst í kaflanum um merkjagjöf skal ekki breytt nema samkvæmt reglu 86.1(b). Merkingar annarrar merkjagjafar sem notuð er skal getið í kappsiglingafyrirmælum.

26 RÆSING KEPPNI

Keppni skal ræsa með eftirfarandi merkjagjöf. Tímamæling skal miðuð við sjónmerki; ekki breytir neinu þótt hljóðmerki vanti.

| <i>Merki</i> | <i>Fáni og hljóðmerki</i> | <i>Mínútur fyrir rásmerki</i> |
|--------------------------|--|-------------------------------|
| Viðvörðun | Flokksfáni, 1 hljóðmerki | 5* |
| Undirbúningsmerki | P, I, Z, Z með I, eða svartur fáni; 1 hljóðmerki | 4 |
| Mínúturnerki | Undirbúningsfáni felldur 1 langt hljóðmerki | 1 |
| Ræsing | Flokksfáni felldur; 1 hljóðmerki | 0 |

*Eða samkvæmt kappsiglingafyrirmælum

Undirbúningsmerki hvers flokk sem á eftir kemur skal gefið með eða á eftir rásmerki flokksins sem á undan fer.

27 AÐRAR ÁKVARÐANIR KEPPNISSTJÓRNAR FYRIR RÁSMERKI

- 27.1 Eigi síðar en við viðvörðunarkerki skal keppnisstjórn tilkynna með merkjagjöf eða á annan hátt hvernig keppnisbraut skuli sigld ef brautin er ekki tekin fram í kappsiglingafyrirmælum og má keppnisstjórn skipta út einum brautarfána fyrir annan og gefa merki um að klæðast skuli flotbúnaði (sýna fána Y með einu hljóðmerki).
- 27.2 Allt þar til undirbúningsmerki hefur verið gefið má keppnisstjórn flytja ráslínu og taka í gildi reglu 30.
- 27.3 Áður en rásmerki er gefið má keppnisstjórn *fresta* keppni af hvaða ástæðu sem er (fáni AP, AP yfir H, eða AP yfir A með tveimur hljóðmerkjum) eða *hætta við* keppni (fáni N yfir H eða N yfir A með þremur hljóðmerkjum).

28 BRAUTIN SIGLD

- 28.1 Bátur skal *hefja keppni*, fara fyrir sérhvert *merki* á tilskilið borð og í réttari röð og *ljúka keppni* þannig að strengur, sem táknaði feril hans frá því að hann *hóf keppni* og þar til hann *lauk keppni*, myndi við strekkingu
- a) liggja tilskildu megin við hvert *merki*

- b) snerta öll *merki* sem fara átti fyrir og
- c) fara á milli merkja í hliði í stefnu frá síðasta merki.

Bát er heimilt að leiðrétta hvers kyns mistök til að hlíta þessari reglu. Eftir að hafa lokið keppni þarf bátur ekki að fara allur yfir marklínuna.

- 28.2** Bátur má fara hvorum megin við *merki* sem er ef *merkið* markar ekki upphaf, enda eða hliðarmörk þess leggs sem hann er að sigla. Engu að síður skal hann hafa *rásmerkið* á tilskilið borð þegar hann nálgast ráslínu frá rássvæðinu til þess að *hefja keppni*.

29 AFTURKÖLLUN

29.1 Afturköllun einstakra báta

Ef einhver hluti af skrokki báts, áhafnar eða búnaðar er brautarmegin við ráslínu þegar *rásmerki* bátsins er gefið eða honum ber að hlíta reglu 30.1, skal keppnisstjórn þegar í stað draga upp fána X og gefa eitt hljóðmerki. Fáninn skal hafður uppi þar til allir slíkir bátar eru komnir að öllu leyti aftur fyrir ráslínuna eða annarar framlengingu hennar og hafa uppfyllt skilyrði reglu 30.1, ef við á, en ekki lengur en fjórar mínútur frá *rásmerki* eða þar til ein mínúta er í næsta *rásmerki* hvort sem fyrir verður. Ef regla 30.3 gildir, gildir þessi regla ekki.

29.2 Almenn afturköllun

Ef keppnisstjórn er ókleift að bera kennsl á báta sem eru brautarmegin við ráslínu við *rásmerki* eða báta sem ber að hlíta reglu 30, eða ef mistök hafa átt sér stað í ræsing, er keppnisstjórn heimilt að gefa merki um almenna afturköllun (sýna fyrsta skiptifána með tveimur hljóðmerkjum). Viðvörðunarmerki fyrir nýja ræsinguna þess flokks sem afturkallaður var, skal gefið einni mínútu eftir að fyrsti skiptifáni er felldur (eitt hljóðmerki) og ræsing seinni flokka fer fram eftir hina nýju ræsinguna.

30 REFSINGAR VIÐ RÆSINGU

30.1 Regla um I fána

Ef fáni I hefur verið dreginn upp og einhver hluti báts, áhafnar eða búnaðar er brautar megin við ráslínu eða annarar framlengingu hennar síðustu mínútuna fyrir *rásmerki*, skal hann þá sigla af brautarsvæði til rássvæðis fyrir annan hvorn enda ráslínu áður en hann *hefur keppni*.

30.2 Regla um Z fána

Ef fáni Z hefur verið dreginn upp, skal enginn hluti báts, áhafnar eða búnaðar vera innan þríhyrnings, sem myndaður er af endum ráslínu og fyrsta *merki* síðustu mínútuna áður en *rásmerki* er gefið. Ef bátur brýtur þessa reglu og kennsl eru á hann borin skal hann, án vitnaleiðslu, hljóta 20% refsingu eins og lýst er í reglu 44.3(c). Ef keppni er ræst aftur eða endursigld, skal hann samt taka út refsinguna, en þó ekki ef keppni er *frestað* eða *hætt er við* hana áður en *rásmerki* hefur verið gefið. Ef hann er aftur staðinn að verki þegar reynt er að ræsa sömu keppni, skal hann hljóta viðbótar 20% refsingu.

30.3 Reglan um svartan fána

Ef svartur fáni hefur verið dreginn upp, skal enginn hluti báts, áhafnar eða búnaðar vera

innan þríhyrnings sem myndaður er af endum ráslínu og fyrsta *merki*, síðustu mínútuna áður en rásmerki er gefið. Ef bátur brýtur þessa reglu og kennsl eru á hann borin skal hann dæmdur úr keppni án vitnaleiðslu jafnvel þótt keppni sé ræst aftur eða endursigld, en þó ekki ef keppni er *frestað* eða *hætt er við* hana áður en rásmerki hefur verið gefið. Ef merki er gefið um almenna afturköllun eða *hætt er við* keppni eftir rásmerki skal keppnisstjórn sýna seglnúmer bátsins áður en undirbúningsmerki fyrir næstu keppni er gefið og ef keppni er endurræst eða endursigld skal hann ekki taka þátt. Taki báturinn engu að síður þátt í keppninni skal keppnin sem bátinum var vísað úr ekki undanskilin við útreikning heildarárangurs.

31 AÐ SNERTA MERKI

Í keppni skal bátur ekki snerta rásmerki áður en hann hefur keppni, merki sem markar upphaf, hliðarmörk eða endi þess leggs sem báturinn siglir, eða marklínumerki eftir að hann lýkur keppni.

32 AÐ STYTTA BRAUT EÐA HÆTTA VIÐ KEPPNI EFTIR RÆSINGU

32.1 Eftir að rásmerki hefur verið gefið getur keppnisstjórn *hætt við* keppni (fáni N, fáni N yfir H, eða N yfir A með þremur hljóðmerkjum) eða stytta brautina (fáni S og tvö hljóðmerki) eins og við á;

- a) vegna mistaka við ræsingu,
- b) vegna óveðurs,
- c) vegna vindleysis sem gerir ólíklegt að nokkur bátur *ljúki keppni* innan tímamarka,
- d) vegna þess að *merki* vantar eða það hefur færst úr stað, eða
- e) vegna annarra ástæðna sem hafa áhrif á öryggi keppenda eða sanngirni keppinnar,

eða er heimilt að stytta brautina þannig að mögulegt sé að sigla aðrar fyrirhugaðar keppnir. Ef einn bátur hefur siglt brautina og *lokið keppni* innan tímatakmarka, ef einhver eru, skal keppnisstjórn ekki *hætta við* keppnina án þess að íhuga afleiðingarnar fyrir alla báta í keppninni eða keppnisröðinni.

32.2 Ef keppnisstjórn gefur merki um stytta braut (fáni S með tveimur hljóðmerkjum) skal marklína vera;

- a) við *merki* sem fara á fyrir, milli *merkisins* og starfsmanns sem sýnir fána S,
- b) við línu sem bátum er ætlað að fara yfir við lok hvers hrings,
- c) við brautarhlið, milli *merkja* hliðsins.

Gefa skal merki um styttingu brautar áður en fyrsti bátur fer yfir marklínu.

33 NÆSTA LEGG BRAUTARINNAR BREYTT

Keppnisstjórn getur breytt legg sem hefst við *merki* sem fara skal fyrir eða hliði, með því að breyta staðsetningu næsta *merkis* (eða marklínu) og gefa öllum bátum merki áður en þeir hefja siglingu á þeim legg. Næsta *merki* þarf ekki að vera á komið á sinn stað á þeim tíma.

- a) Ef stefnu leggsins er breytt, skal draga upp fána C með endurteknum hljóðmerkjum og annað hvort;

- 1) gefa upp nýja áttavitastefnu eða
 - 2) draga upp grænan þríhyrndan fána eða töflu til merkis um breytingu á stjórnborða eða rauðan rétthyrndan fána eða töflu til merkis um breytingu á bakborða.
- b) Ef lengd næsta leggs er breytt, skal sýna það með því að draga upp fána C með endurteknum hljóðmerkjum og „–“ ef leggurinn verður stytur eða „+“ ef leggurinn er lengdur.
 - c) Seinni leggjum má breyta án frekari merkjagjafar til að viðhalda lögun brautar.

34 MERKI VANTAR

Vanti *merki*, eða hafi það færst úr stað skal keppnisstjórn, þegar því verður við komið,

- a) setja *merkið* aftur á sinn stað eða koma fyrir nýju með svipuðu útliti eða
- b) setja hlut sem sýnir fána M með endurteknum hljóðmerkjum.

35 TÍMAMÖRK OG SKOR

Ef einn bátur siglir brautina í samræmi við ákvæði 28.1. reglu og *lýkur keppni* innan tiltekinna tímamarka, ef einhver eru, skulu allir bátar sem *ljúka keppni* fá stig eftir stöðu sinni í lok keppni nema *hætt sé við keppnina*. Ef enginn bátur *lýkur keppni* innan tiltekinna tímamarka skal *hætt við keppnina*.

36 KEPPNI ENDURRÆST EÐA ENDURTEKIN

Þegar keppni er ræst að nýju eða sigld aftur skal brot á *reglu* annarri en reglu 30.3, í upphaflegu keppninni, ekki koma í veg fyrir að báturinn taki þátt í keppni né leiða til refsingar hans nema brotnar hafi verið reglur 30.2, 30.3 og 69.

4. KAFLI. AÐRAR KRÖFUR Í KEPPNI

Reglur í 4. kafla gilda aðeins um báta í keppni.

40 FLOTBÚNAÐUR

Þegar fáni Y er dreginn upp með einu hljóðmerki fyrir eða samtímis viðvörunarmerki skulu keppendur klæðast flotbúnaði, nema meðan þeir eru að skipta um föt eða aðlaga fötin eða persónulegan búnað. Blautbúningur og þurrbúningur telst ekki flotbúnaður.

41 UTANAÐKOMANDI AÐSTOÐ

Bátur má ekki þiggja utanaðkomandi aðstoð nema:

- aðstoð vegna veikra eða slasaðra skipverja;
- aðstoð eftir árekstur, frá áhöfn hins bátsins til þess að losna frá;
- aðstoð í formi upplýsinga sem eru aðgengilegar öllum bátum;
- aðstoð í formi óumbeðinna upplýsinga frá aðila sem ekki hefur hagsmuna að gæta, sem gæti verið annar bátur í sömu keppni.

42 KNÚNINGSAFL

42.1 Aðalregla

Að öðru leyti en því sem heimilað er í reglu 42.3 eða reglu 45, skal bátur keppa aðeins með því nota vind og vatn til að auka, viðhalda eða minnka hraða bátsins. Áhöfn má stilla segl og skrokk bátsins og að öðru leyti viðhafa góða sjómennsku en má ekki beita líkamanum til að knýja bátinn áfram.

42.2 Bannað athæfi

Eftirfarandi athæfi er bannað, án þess að það skerði gildi reglu 42.1;

- að pumpa: að blaka einhverju segli til og frá annað hvort með því að herða seglið og slaka því eða með lóðréttri eða láréttri líkamshreyfingu;
- að vaggja: að velta bátnum til og frá með:
 - líkamshreyfingu;
 - því að stilla endurtekið segl eða lausan kjöl; eða
 - stýrishreyfingum;
- að rugga: að kasta sér fram með rykk;
- að ríkka - að hreyfa stýrið til og frá sem er annað hvort gert að krafti eða knýr bátinn áfram eða kemur í veg fyrir að hann fari afturábak;
- að stagvenda eða kúvenda í sífellu án þess vindbreytingar eða stöðutaka gagnvart öðrum keppanda („tactics“) gefi tilefni til.

42.3 Undantekningar

- Rugga má báti til að auðvelda að stýra honum.
- Áhöfn báts er heimilt að hreyfa líkamann í þeim tilgangi að auka

veltuhreyfingu, sem auðveldar að bátnum sé stýrt í stagvendingu eða kúvendingu, enda sé hraði bátsins ekki meiri að lokinni vendingu en hann hefði verið ef ekki hefði verið stagvent eða kúvent.

- (c) Þegar bátur er ekki á beitingu og skilyrði eru til að „fara öldur“ (að fara með örri hröðun niður eftir öldu hlémeigin – „surf“) eða „plana“, má áhöfn hans pumpa með skautum hvaða segls sem er í þeim tilgangi að komast á öldufar eða plan, en aðeins einu sinni fyrir hverja öldu eða vindhviðu.
- (d) Þegar báti er siglt hærra en á fullri beitingu og hann er annað hvort ferðlaus eða á hægri hreyfingu áfram má ríkka til að snúa bátnum á beitingu.
- (e) Hægja má á ferð báts með því að snúa stýri í sífellu
- (f) Nota má hvaða knúningsafl sem er til að koma manni eða bát til hjálpar í háska.
- (g) Til þess að losna eftir strand eða árekstur við annan bát eða einhvern hlut má bátur nota krafta áhafnar hvors bátsins sem er og allan búnað annan en vél.
- (h) Kappsiglingafyrirmæli geta, í tilgreindum tilvikum, leyft knúningsafl með því að nota vél eða aðra aðferð, svo fremi að bátur hagnist ekki verulega á því í keppninni.

Ath. Túlkanir á reglu 42 má nálgast á vefsíðu ISAF (www.sailing.com) eða með því að óska eftir þeim bréfleiddis.

43 KLÆÐNAÐUR OG BÚNAÐUR KEPPENDA

- 43.1 a) Keppandi skal ekki klæðast eða bera fatnað eða búnað í því skyni að auka við þyngd sína.
- b) Auk þess skal heildarþyngd alls fatnaðar og búnaðar sem keppandi klæðist eða ber aldrei veга meira en 8 kg fyrir utan rólu og meðfylgjandi belti og fatnað (þ.m.t. skófatnað) sem er allur fyrir neðan hné. Flokksreglur eða kappsiglingafyrirmæli mega kveða á um minni þyngd eða meiri, allt að 10 kg. Flokksreglur mega kveða svo á að skór eða fatnaður fyrir neðan hné sé innifalinn. Belti sem fylgja rólu skulu fljóta og ekki veга meira en 2 kg, nema flokksreglur heimili allt að 4 kg. Búnaður skal veginn samkvæmt viðauka H
- c) Ef skoðunarmaður búnaðar eða mælingamaður sem vigtar föt og búnað keppenda telur að keppandi hafi brotið reglu 43.1 (a) eða reglu 43.1 (b) skal hann tilkynna kærunevnd það skriflega.

43.2 Regla 43.1(b) gildir ekki um báta þar sem öryggislínu er krafist.

44 REFSING Á ÞEIM TÍMA SEM BROT Á SÉR STAÐ

44.1 Að taka á sig refsingu

Bátur má taka á sig tveggja hringja refsingu þegar hann kann að hafa brotið gegn reglu í kafla 2 meðan hann var að *keppa* eða eins hring refsingu hafi hann brotið reglu 31. Kappsiglingafyrirmæli mega kveða á um að notuð sé hlutfallsleg skerðing eða önnur refsing. Nema ef

- a) bátur kunni að hafa brotið reglu í kafla 2 og reglu 31 á sama tíma þarf hann ekki að taka út refsingu fyrir brot á reglu 31.

b) bátur valdi meiðslum eða alvarlegu tjóni eða hagnast verulega á broti, annaðhvort í keppninni eða umferðinni, skal hann draga sig úr keppni.

44.2 Eins hringis og tveggja hringja refsing

Eftir að bátur hefur siglt svo fljótt sem auðið er úr vegi annarra báta tekur hann út eins eða tveggja hringja refsingu með því að fara þegar í stað viðeigandi fjölda hringja í sömu átt, hver hringur með eina stagvendingu og eina kúvendingu. Ef bátur tekur refsinguna út við eða nálægt marklínu, skal sigla þar til hann er allur brautarmegin við marklínuna áður en hann *lýkur keppni*.

44.3 Hlutfallsleg skerðing

- a) Bátur tekur á sig hlutfallslega skerðingu með því að setja upp gulan fána við fyrsta mögulega tækifæri.
- b) Bátur sem tekur hlutfallslega skerðingu skal hann halda því uppi þar til hann *lýkur keppni* og vekja athygli keppnisstjórnar á því við marklínuna. Jafnframt skal hann einnig tilkynna keppnisstjórn um hver hinn báturinn er sem hlut átti að máli. Sé það ekki hægt þá skal hann gera það við fyrsta tækifæri og áður en *kærufrestur* er liðinn
- c) Keppnisskorið fyrir bát sem tekur hlutfallslega skerðingu skal vera skorið sem hann hefði fengið án refsingar að viðbættum fjölda sæta sem tekin eru fram í kappsiglingafyrirmælunum; þó skal hann aldrei fá lakari útkomu en "lauk ekki keppni". Þegar kappsiglingafyrirmælin kveða ekki á um fjölda sæta, skal sætið reiknað sem sú heila tala (0,5 jafnað upp á við) sem næst kemst 20% af bátum sem skráðu sig til keppni. Skori annarra báta skal ekki breytt og geta tveir báta þannig hlotið sama skor.

45 AÐ TAKA Á LAND; AÐ BINDA BÁTINN; AÐ VARPA ANKERI

Bátur skal vera á floti og laus frá leguærum þegar undirbúningsmerki hans er gefið. Eftir það má ekki taka hann á land eða festa nema til að ausa, rifa segl eða til viðgerða. Hann má leggjast við ankeri eða áhöfnin má standa á botni. Taka skal upp akkeri áður en báturinn heldur áfram keppni nema það sé ómögulegt.

46 ÁBYRGÐARAÐILI

Um borð í hverjum báti skal vera ábyrgðaraðili sem útnefndur er af þeim félagsmanni eða félagasambandi sem skráði bátinn til keppni. Sjá reglu 75.

47 TAKMARKANIR Á BÚNAÐI OG ÁHÖFN

- 47.1 Bátur skal einungis nota þann búnað sem er um borð þegar undirbúningsmerki hans er gefið.
- 47.2 Enginn má yfirgefa bát af ásettu ráði, nema hann sé veikur eða slasaður eða til að hjálpa manni eða bát sem er í hættu, eða til að synda. Maður sem fer frá borði af slysyni eða til að synda, skal vera kominn aftur um borð áður en báturinn heldur áfram keppni.

48 ÞOKUMERKI OG LJÓS

Þegar nauðsynlegt er vegna öryggis á sjó skal bátur þeyta þokulúðra og hafa uppi ljós í samræmi við Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó eða gildandi opinberar reglur.

49 STAÐSETNING ÁHAFNAR

49.1 Keppandi skal ekki nota nokkurn búnað annan en rólur og lærstoðir til að færa þunga sinn út fyrir bátinn.

49.2 Þegar krafist er líflína í flokksreglum eða kappsiglingafyrirmælum skulu þær vera strekktar og skal engin maður í áhöfn hafa nokkurn hluta bols síns utan við þær nema nauðsynlegt sé að sinna tilteknu verki og þá aðeins um stundarsakir. Á bátum sem búnir eru efri og neðri líflínum eða vírum skal manni í áhöfn sem situr á borðstokki, veit útbyrðis og hefur mjaðmir innan við neðri líflínu, heimilt að hafa efri hluta bols fyrir utan efri líflínu.

50 UPPSETNING OG SKAUTUN SEGLA

50.1 Að skipta um segl

Þegar skipt er um framsegl eða belgsegl er heimilt að draga upp og stilla hið nýja segl til fullnustu áður en fyrra seglið er tekið niður, en aðeins má hafa uppi eitt stórsegl og aðeins má hafa eitt belgsegl uppi nema á meðan skipt er.

50.2 Belgseglsbómur og seglastangir

Aðeins skal nota eina belgseglsbómu eða seglastöng í einu. Þegar slíkur búnaður er í notkun skal hann tengdur fremsta mastri.

50.3 Notkun utanborðsbúnaðar

(a) Engu segli skal skautað fyrir eða gegnum utanborðsbúnað, nema eftir því sem heimilt er samkvæmt reglu 50.3(b) eða 50.3(c). Utanborðsbúnaður er hver sá búnaður eða tæki sem staðsett er á þann hátt að hann geti þrýst út á við á skaut eða segl á punkti sem er þannig staðsettur að lóðrétt lína sem dregin væri gegnum hann miðað við uppréttan bát félli utan við skrokk eða þilfarsbrún. Í skilningi þessarar reglu teljast skilrúm, fótrið og stuðarar ekki hlutar af skrokk eða þilfari og eftirfarandi teljast ekki til utanborðsbúnaðar: Bugspjót sem framseglsfótur er festur við, bóma sem nær út fyrir skut og notuð er til að festa afturseglsskaut, eða bóma á bómuðu framsegli sem ekki þarfnast stillingar við stagvendingu.

(b) (i) Öll segl má skauta í eða yfir bómu sem er að staðaldri notuð með venjulegu segli og er áföst því mastri sem segltoppur þess er festur við.

(ii) Framsegl má skauta við eða tengja afturhorn þess við belgseglsbómu eða seglastöng svo fremi að belgsegl sé ekki í notkun.

50.4 Framsegl

Munurinn á framsegli og belgsegli er að miðlína framsegls, mæld milli miðpunkta fram- og afturfalds, er ekki umfram 50% af lengd seglfótarins og engin önnur lína dregin þvert milli samsvarandi punkta á fram og afturfaldi er lengri en sem nemur

samsvarandi hlutfalli við fjarlægð línunnar frá toppi seglsins. Segl sem hefur framfald sinn festan aftan við fremsta mastur telst ekki framsegl.

51 FÆRANLEG KJÖLFESTA

Öll færánleg kjölfesta, þar með talin segl sem ekki eru í notkun, skal vera eðlilega skorðuð. Vatn, fastan þunga eða kjölfestu, skal ekki færa í þeim tilgangi að breyta stillingu eða stöðugleika bátsins. Gólfborð, skilrúm, hurðir, stigar og vatnstankar skulu vera á sínum stað og allar innréttingar í vistarverum vera um borð. Þó má dæla kjölvatni út.

52 HANDAFL

Fastan og lausan reiða báts, svo og rár og hreyfanlega hluti sem áfastir eru skrokki bátsins skal stilla og þeim stjórna með handafl einu saman.

53 NÚNINGSVIÐNÁM

Seglbátur skal ekki gefa frá sér eða sleppa nokkru efni, svo sem fjölliðum, né heldur hafa sérstaka áferð á skrokki er gæti bætt eðli vatnsstreymis í snertilagi bátsins við vatnið.

54 FRAMSTÖG OG FRAMSEGLSHÁLSAR

Framstög og fokkuhálsar, að undanskildum stagfestum belgseglum þegar ekki er sigldur *beitivindur*, skulu vera fest nokkurn veginn í miðlínu bátsins.

5. KAFLI. KÆRUR, LEIÐRÉTTING, VITNALEIÐSLU, ÓÍBRÓTTAMANNSLEG FRAMKOMA, ÁFRÝJUN

HLUTI A. KÆRUR OG LEIÐRÉTTING

60 RÉTTUR TIL AÐ KÆRA OG KREFJAST LEIÐRÉTTINGAR

60.1 Bátur má:

- a) kæra annan bát, en ekki fyrir meint brot á reglum í kafla 2 nema hann hafi verið aðili að atvikinu eða séð það, eða
- b) krefjast leiðréttingar

60.2 Keppnisstjórn má:

- a) kæra bát, en þó ekki vegna upplýsinga sem fram koma vegna óskar um leiðréttingu eða ógildrar kæru eða tilkynningar *hagsmunaaðila* öðrum en fulltrúa bátsins.
- b) óska eftir leiðréttingu fyrir bát, eða
- c) skila skýrslu til kærunefndar og fara fram á aðgerðir samkvæmt reglu 69.1 (a) Fái kærunefnd skýrslu sem krafist er vegna reglu 43.1(c) eða 78.3 skal hún þó kæra bát.

60.3 Kærunefnd má:

- a) kæra bát, en þó ekki vegna upplýsinga sem fram koma vegna óskar um leiðréttingu eða ógildrar kæru eða tilkynningar *hagsmunaaðila* öðrum en fulltrúa bátsins.. Þó má hún kæra bát:
 - 1) ef hún kemst að því að atvik sem báturinn var aðili að olli meiðslum eða alvarlegu tjóni, eða
 - 2) ef hún kemst að því vitnaleiðslur vegna gildrar kæru að bátur, sem ekki er aðili að vitnaleiðslu, átti hlut að atvikinu og gæti hafa brotið reglu.
- b) efna til vitnaleiðslu til að komast að því hvort veita beri leiðréttingu, eða
- c) grípa til aðgerða reglu 69.1 (a)

61 KRÖFUR VARÐANDI KÆRUR

61.1 Að gera kærðum báti viðvart

- a) Bátur sem hyggst kæra skal ætíð gera hinum bátnum viðvart við fyrsta mögulega tækifæri. Þegar kæra bátsins varðar atvik á keppnissvæðinu sem hann á hlut að eða sér, skall hann kalla "Ég kæri" og draga með áberandi hætti upp rauðan fána við fyrsta möguleika tækifæri í hverju tilviki. Kæruflagg skal haft uppi þar til viðkomandi bátur er ekki lengur að *keppa*. Hins vegar gildir eftirfarandi:
 - 1) Ef hinn báturinn er utan kallfæris þarf báturinn sem kærir ekki að kalla, en skal gera hinum aðilanum viðvart við fyrsta mögulega tækifæri;
 - 2) Bátur sem er styttri en sex metrar að lengd þarf ekki að sýna rauðan fána
 - 3) Ef atvikið veldur tjóni eða meiðslum sem er augljóst þeim bátum er í því

lenda og einn þeirra hefur í hyggju að kæra, gildir þessi regla ekki um þann bát, en hann skal reyna að upplýsa hinn bátinn innan tímatakmarka reglu 61.3.

- b) Keppnisstjórn eða kærunefnd sem ætlar að kæra bát skal gera viðkomandi bát viðvart svo fljótt sem unnt er, að því undanskildu að ef kæraran leiðir af atviki sem nefndin sér á keppnissvæðinu, þá skal nefndin gera bátinum viðvart eftir keppni en innan tímatakmarka sem kveðið er á um í reglu 61.3.
- c) Ef kærunefnd ákveður að kæra bát samkvæmt reglu 60.3 (a)(2) skal nefndin tilkynna viðkomandi bát svo fljótt sem mögulegt er um ætlun sína, hætta yfirstandandi vitnaleiðslum og bregðast við skv. reglum 61.2 og 63 og efna til sameiginlegra vitnaleiðslna um fyrri kærana og hina nýju.

61.2 Atriði, sem taka skal fram í kæru

Kæra skal vera skrifleg og í henni skal eftirfarandi tekið fram:

- a) hver kærir og hver hinn kærði bátur sé;
- b) atvikið, þ.m.t. tími og staður þar sem atvikið gerðist;
- c) *regla* sú sem kærandi telur að hafi verið brotin;
- d) nafn þess sem kemur fram fyrir hönd kæranda.

Þó má, ef kröfu b) er fullnægt, fullnægja kröfu a) hvenær sem er fyrir vitnaleiðslu og kröfum c) og d) má fullnægja fyrir eða meðan á vitnaleiðslum stendur.

61.3 Kærufrestur

Kæra sem lögð fram af bát, eða sem lögð er fram af keppnisstjórn eða kærunefnd vegna atviks sem þær sáu gerast á keppnissvæðinu, skal afhenda til keppnisstofu innan þess frests sem getið er um í keppnisfyrirmælum. Ef ekki er getið um frest er fresturinn tvær klukkustundir frá því að síðasti bátur *lýkur keppni*. Aðrar kærur frá keppnisstjórn eða kærunefnd skulu afhentar skrifstofu ekki síðar en tveim tímum eftir að viðkomandi upplýsingar fengust. Kærunefnd ber að framlengja kærufrest ef gildar ástæður eru til.

62 AÐ KREFJAST LEIÐRÉTTINGAR

62.1 Beiðni um leiðréttingu eða ákvörðun kærunefndar um að íhuga leiðréttingu skal byggja á kröfu eða möguleika á að lokastaða báts í keppni eða keppnisröð hafi verið verulega skert að ósekju vegna:

- a) óréttmætra aðgerða eða aðgerðaleyfis keppnisstjórnar, kærunefndar eða mótshaldara, en ekki vegna ákvörðunar kærunefndar þegar bátur var aðili að vitnaleiðslu.
- b) skemmda af völdum annars báts, sem braut gegn reglu í kafla 2 eða báts sem var ekki að keppa og átti að *víkja*,
- c) þess að hann veitti aðstoð (öðrum en sjálfum sér eða eigin áhöfn) samkvæmt reglu 1.1, eða
- d) báts sem hlotið hefur refsingu samkvæmt reglu 2, eða sem sætir agaviðurlögum samkvæmt reglu 69.1 (b)

62.2 Krafan skal gerð skriflega og afhent keppnisstjórn áður en kærufrestur er liðinn, eða innan tveggja tíma frá viðkomandi atviki, hvort sem seinna er. Kærunefnd ber að

framlengja kærufrest ef gildar ástæður eru til. Ekki er krafist kærufána.

HLUTI B. VITNALEIÐSLUR OG NIÐURSTAÐA

63 VITNALEIÐSLUR

63.1 Kröfur varðandi vitnaleiðslu

Ekki skal refsá bati eða keppanda án vitnaleiðslu, nema samkvæmt ákvæðum í reglum 30.2, 30.3, 67, 69, A5 og P2. Ákvörðun um leiðréttingu skal ekki tekin án vitnaleiðslu. Kærunefnd skal hlýða á allar *kærur* sem hafa komið til keppnisskrifstofu nema hún heimili að bátur dragi kærur til baka.

63.2 Staður og stund vitnaleiðslu; undirbúningstími aðila

Allir *aðilar* að vitnaleiðslu skulu látnir vita um stað og stund vitnaleiðslu, upplýsingar um *kærur* og leiðréttingu skulu vera þeim til reiðu, og þeim skal gefinn eðlilegur tími til að undirbúa sig fyrir vitnaleiðslu.

63.3 Réttur til að vera viðstaddur

- a) *Aðilar að kærur* eða fulltrúar þeirra, eiga rétt á að vera viðstaddir allan **málflutning** við vitnaleiðslu. Þegar kært er fyrir meint brot á reglum í 2., 3. eða 4. kafla, skulu fulltrúar báta hafa verið um borð þegar atvikið átti sér stað, nema því aðeins að kærunefnd hafi gildar ástæður til að úrskurða á annan veg. Vitni önnur en kærunefndarmenn skulu ekki vera viðstödd nema á meðan þau bera vitni.
- b) Ef *aðili* vitnaleiðslu vegna *kæru* eða beiðni um leiðréttingu mætir ekki til vitnaleiðslu, getur kærunefnd engu að síður úrskurðað í kærinni eða beiðninni um leiðréttingu. Ef gildar ástæður eru fyrir fjarveru aðila, getur kærunefnd ákveðið að endurtaka vitnaleiðslur.

63.4 Hagsmunaaðilar

Enginn úr *kærunefnd* skal taka þátt í vitnaleiðslu um mál þar sem hann er *hagsmunaaðili*, en má þó bera vitni. Nefndarmaður í kærunefnd skal skýra frá mögulegum hagsmunaaðrekstrum strax og hann gerir sér grein fyrir þeim. *Aðili* að vitnaleiðslu sem telur að einhver nefndarmaður sé *hagsmunaaðili* skal mótmæla svo fljótt sem við verður komið.

63.5 Réttmæti kærur eða beiðni um leiðréttingu

Við upphaf vitnaleiðslu skal kærunefnd nota öll sönnunargögn sem hún telur skipta máli til að ákveða hvort öllum skilyrðum *kærunnar* eða beiðninnar um leiðréttingu hafi verið fullnægt. Ef þeim hefur verið fullnægt er kærur eða beiðnin um leiðréttingu gild og vitnaleiðslu skal haldið áfram. Ef ekki, skal kærunefnd úrskurða kærur eða beiðnina ógilda og ljúka málinu. Ef kærur hefur verið lögð fram skv. reglu 60.3(a)(1), ber kærunefnd einnig að ganga úr skugga um hvort alvarlegt tjón eða slys hafi orðið af atvikinu. Ef ekki, er málinu lokið.

63.6 Að kanna málavexti

Kærunefnd skal hlýða á framburð allra *aðila* að vitnaleiðslunni og vitna þeirra og skoða önnur sönnunargögn eftir því sem hún telur nauðsynlegt. Kærunefndarmaður

sem sá atvikið má vera vitni. *Aðila* að vitnaleiðslu er heimilt að spyrja alla þá sem vitna. *Kærunefnd* skal komast að réttum málavöxtum og byggja úrskurð sinn á þeim.

63.7 Ósamræmi milli tilkynningar um keppni og kappsiglingafyrirmæla

Ef ósamræmi er á milli reglu í tilkynningu um keppni og reglu í kappsiglingafyrirmælum, sem skera verður úr um áður en *kærunefnd* getur kveðið upp úrskurð í kærumáli eða beiðni um leiðréttingu, skal nefndin beita þeirri reglu sem hún telur að muni leiða til sanngjörnustu niðurstöðu fyrir alla hlutaðeigandi báta.

63.8 Kærur milli báta sem ekki keppa í sama móti

Kæra, milli báta er keppa hver í sinni keppni, sem haldin er af mismunandi mótshöldurum, skal lögð fyrir *kærunefnd* sem báðir mótshaldarar sætta sig við.

64 NIÐURSTÖÐUR

64.1 Refsingar og sýkna

- Þegar það er niðurstaða *kærunefndar* að bátur sem er *aðili* að kæru hafi brotið *reglu*, skal hún dæma bátinn úr leik nema einhver önnur refsing eigi við. Refsing skal lögð á hvort sem viðeigandi *regla* var nefnd í *kærinni* eða ekki.
- Ef bátur hefur tekið viðeigandi refsingu gildir regla 64.1(a) ekki nema ef refsing fyrir brot á þeirri reglu sem hann braut er frávísun og ekki má undanskilja þá umferð frá útreikningi á samanlögðum árangri
- Hafi bátur, með því að fara ekki eftir einhverri *reglu*, neytt annan bát til að brjóta einhverja *reglu*, gildir regla 64.1(a) ekki um hinn bátinn og skal hann sýknaður.
- Brjóti bátur *reglu* þegar hann er ekki að *keppa* skal refsing hans gilda í þeirri keppni, sem er næst brotinu í tíma.

64.2 Ákvörðun um leiðréttingu

Þegar *kærunefnd* ákveður að bátur eigi rétt á leiðréttingu samkvæmt reglu 62, skal nefndin haga málum eins réttlátlega og unnt er fyrir alla báta sem leiðréttingin snertir, hvort sem þeir óskuðu leiðréttingar eða ekki. Til greina kemur að breyta stigatölu (nokkur dæmi er að finna í reglu A10), breyta tímum báta, *hætta* við keppnina, láta úrslit keppninnar standa, eða gera einhverjar aðrar ráðstafanir. Ef vafi leikur á um staðreyndir máls eða líklegar niðurstöður af einhverju fyrirkomulagi í keppni eða keppnisröð, skal *kærunefnd* fá vitnisburð frá viðeigandi aðilum, einkum áður en *hætt er við* keppni.

64.3 Kærur vegna mælinga

- Þegar *kærunefnd* telur að óeðlileg frávik frá vikmörkum sem kveðið er á um í flokksreglum séu afleiðing skemmda eða eðlilegs slits og bæta ekki frammistöðu bátsins skal ekki refsa bátinum. Báturinn skal þó ekki *keppa* aftur fyrr en frávikin hafa verið leiðrétt, nema *kærunefndin* telji að ekki sé eða ekki hafi verið raunhæfur möguleiki til þess.
- Þegar *kærunefnd* telur vafa leika á hvernig eigi að túlka mælingarreglu, skal hún beina fyrirspurn ásamt viðeigandi málavöxtum til yfirvalds sem ber ábyrgð á túlkun reglnanna. Þegar *kærunefnd* kveður upp úrskurð skal hún bundin af álit yfirvaldsins.

- c) Þegar bátur sem er dæmdur frá keppni samkvæmt mælingareglu, lýsir yfir skriflega að hann ætli að áfrýja, er bátnum heimilt að keppa áfram í síðari keppnum án þess að gera breytingar á bátnum, en er vísað úr keppni ef hann áfrýjar ekki dómur eða áfrýjuninni fellur gegn honum.
- d) Mælingarkostnaður sem leiðir af *kæru* sem tengist mælingarreglu skal greiddur af þeim *aðila* sem tapar málinu nema kærunefnd ákveði annað.

65 AÐ UPPLÝSA AÐILA OG AÐRA

- 65.1 Þegar *kærunefnd* hefur komist að niðurstöðu skal hún þegar í stað tilkynna *aðilum* að vitnaleiðslunni um staðreyndir málsins, *reglurnar* sem við eiga, niðurstöðuna, rökstuðning fyrir henni, hverja þá refsingu sem lögð er á, eða leiðréttingu, ef einhver er.
- 65.2 *Aðili* að vitnaleiðslu á rétt á því að fá framangreindar upplýsingar í hendur skriflega, enda hafi hann óskað þeirra skriflega frá kærunefnd ekki seinna en sjö dögum frá því að honum var tilkynnt um niðurstöðuna. *Kærunefnd* skal þegar í stað senda honum ofangreindar upplýsingar, ásamt ef við á, teikningu af atvikinu, gerða eða áritaða af kærunefnd.
- 65.3 Þegar kærunefnd refsar báti samkvæmt mælingareglu skal hún senda viðeigandi mælingaryfirvöldum framangreindar upplýsingar.

66 AÐ TAKA VITNALEIÐSLUR UPP Á NÝJU

Vitnaleiðslu má taka upp að nýju ef *kærunefnd* kemst að þeirri niðurstöðu að henni hafi hugsanlega orðið á veruleg mistök eða ef mikilvæg ný vitneskja kemur fram innan hæfilegs tíma. Vitnaleiðslu skal taka upp að nýju að fyrirmælum landsyfirvalds í samræmi við ákvæði reglu F5. *Aðili* að vitnaleiðslu getur beðið um endurupptöku innan 24 tíma frá því að honum var tilkynnt um niðurstöðuna. Þegar vitnaleiðsla vegna *kæru* er tekin upp að nýju skal meirihluti *kærunefndar* vera skipaður sömu mönnum og í fyrra sinnið ef unnt er.

67 REGLA 42 OG KRAFA UM VITNALEIÐSLUR

Þegar það er tekið fram í kappsiglingafyrirmælum getur kærunefnd refsað báti fyrir brot á reglu 42 án vitnaleiðslu, ef einhver nefndarmaður eða eftirlitsmaður skipaður af nefndinni var vitni að atvikinu. Ef keppanda er vísað frá samkvæmt þessari reglu má ekki undanskilja þá umferð við útreikning á samanlögðum árangri. Báti sem refsað er á þennan hátt skal látinn vita um það með tilkynningu í keppnisniðurstöðum.

68 TJÓN

Um álitamál varðandi skaðabætur vegna brota á einhverri *reglu* skal fara samkvæmt fyrirmælum landsyfirvalds, ef einhver eru.

HLUTI C – STÓRFELLT MISFERLI**69 MEINT STÓRFELLT MISFERLI****69.1 Aðgerðir kæruneftndar**

- a) Þegar kæruneftnd telur, eftir eigin athugun eða eftir ábendingu einhverra annarra, að keppandi hafi brotið *reglu* með grófum hætti eða sýnt af sér stórlega ósæmilegt eða óíþróttamannslegt framferði, eða hafi stórlega skaðað ímynd íþróttarinnar, er henni heimilt að efna til vitnaleiðslu. Kæruneftnd skal þegar í stað tilkynna keppanda skriflega um meint misferli og stað og stund vitnaleiðslu. Ef keppandi hefur gilda afsökun fyrir að geta ekki mætt til vitnaleiðslu skal kæruneftnd ákveða annan tíma.
- b) Kæruneftnd skipuð af a.m.k. þremur mönnum skal annast vitnaleiðsluna samkvæmt reglum 63.2, 63.3(a), 63.4 og 63.6. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að keppandi sé sekur um meint misferli skal hún annað hvort:
 - 1) veita keppanda viðvörðun
 - 2) leggja á refsingu með því að vísa keppandanum úr keppni, ásamt bátum þar sem það á við, eða úr þeim umferðum sem eftir eru eða keppninni allri, eða grípa til annarra úrræða sem á valdi hennar eru. má ekki undanskilja við útreikning á samanlögðum árangri.
- c) Kæruneftndin skal þegar í stað tilkynna landsyfirvaldi keppnisvettvangsins, keppandans og eiganda bátsins um refsingu en ekki um viðvörðun. Ef kæruneftnd er alþjóðlegur dómstóll skipaður af ISAF samkvæmt reglu 89.2(b) skal hún senda afrit af skýrslunni til ISAF.
- d) Ef keppandi hefur ekki gilda afsökun fyrir að geta ekki mætt til vitnaleiðslu og mætir ekki getur kæruneftnd ákveðið að halda vitnaleiðsluna án keppandans. Ef kæruneftnd gerir svo og refsar keppandanum, skal hún í skýrslu sem hún gerir samkvæmt reglu 69.1(c) gera grein fyrir fyrirbyggjandi staðreyndum, niðurstöðunni og rökstuðningi.
- e) Ef kæruneftnd ákveður að halda ekki yfirheyrslu án þess að keppandi sé viðstaddur eða ef ekki er hægt að finna tíma eða stað sem keppandi getur mætt á, skal kæruneftnd safna saman tiltækum sönnunargögnum og ef meint brot virðist eiga við rök að styðjast senda skýrslu til viðeigandi landsyfirvalds. Ef kæruneftnd er alþjóðlegur dómstóll skipaður af ISAF samkvæmt reglu 89.2(b) skal hún senda afrit af skýrslunni til ISAF.
- f) Ef kæruneftnd er farin af vettvangi og vitneskja berst um meint brot, er keppnisstjórn eða skipuleggjendum mótsins heimilt að skipa nýja kæruneftnd til þess að grípa til aðgerða samkvæmt þessari reglu.

69.2 Aðgerðir af hálfu landsyfirvalds og fyrstu viðbrögð ISAF

- a) Þegar landsyfirvaldi eða ISAF berst vitneskja um stórfellt brot á *reglu* eða ósæmilegt eða óíþróttamannslegt athæfi, athæfi sem stórlega skaðar ímynd íþróttarinnar, eða vitneskju skv. reglu 69.1(c) eða reglu 69.1(e), er landsyfirvaldinu heimilt að efna til rannsóknar og vitnaleiðslu ef við á. Í kjölfarið er landsyfirvaldinu heimilt að grípa til þeirra agaviðurlaga sem á valdi hennar eru og teljast við hæfi gegn keppandanum eða bátum, eða öðrum þeim sem í hlut á. Aðgerðir geta falið í sér sviptingu hlutgengis til keppni á yfirráðasvæði þess, varanlega eða tímabundið, og sviptingu hlutgengis til

keppni á vegum Alþjóðakappsiglingasambandsins (ISAF) samkvæmt ákvæðum í viðauka 2, reglu 21.3.1 (a).

- b) Landsyfirvald keppanda skal einnig svipta viðkomandi hlutgengi á vegum ISAF eins og kveðið er á um í viðauka 2, reglu 21.3.1(a).
- c) Landsyfirvald skal þegar í stað tilkynna Alþjóðakappsiglingasambandsins um öll tilvik hlutgengissviptingar samkvæmt reglu 69.2(a) og einnig landsyfirvaldi viðkomandi eða eiganda bátsins ef þeir eru ekki innan vébanda landsyfirvaldsins sem hlutgengissviptinguna ákvað.

69.3 Framhaldsaðgerðir að hálfu Alþjóðakappsiglingasambandsins

Að fenginni vitneskju samkvæmt ákvæðum í reglu 69.2 (c) eða ISAF reglu 19 eða í kjölfar eigin ákvarðana samkvæmt reglu 69.2(a), skal Alþjóðasiglingasambandið senda tilkynningu til allra landsyfirvalda og geta þau þá einnig svipt keppandann hlutgengi í mótum sem haldin eru innan þeirra lögsagnarumdæmis. Framkvæmdastjórn Alþjóðakappsiglingasambandsins skal svipta keppanda hlutgengi eins og krafst er í ISAF reglu 19 ef landsyfirvald keppandans gerir það ekki.

HLUTI D. ÁFRÝJUN

70 ÁFRÝJUN OG BEIÐNI TIL LANDSYFIRVALDS

- 70.1 Svo fremi að áfrýjun sé ekki óheimil samkvæmt reglu 70.5, getur aðili að vitnaleiðslu áfrýjað ákvörðun kærunefndar eða starfsháttum hennar, en þó ekki staðreyndum máls.
- 70.2 *Kærunefnd* getur farið fram á staðfestingu eða leiðréttingu á niðurstöðu sinni.
- 70.3 Áfrýjun samkvæmt reglu 70.1 eða beiðni kærunefndar samkvæmt reglu 70.2 skal senda til þess landsyfirvalds sem skipuleggjandi heyrir undir samkvæmt reglu 89.1. Fari bátar um lögsögu fleiri en eins landsyfirvalds meðan þeir keppa skulu kappsiglingarfyrirmæli tilgreina til hvaða landsyfirvalds skal senda áfrýjun eða beiðni.
- 70.4 Siglingafélagi eða annarri stofnun innan vébanda landsyfirvalds er heimilt að fara fram á túlkun á *reglunum*, enda sé ekki um að ræða neina kæru eða beiðni um leiðréttingu sem kynni að vera áfrýjað.
- 70.5 Úrskurði alþjóðlegrar dómnefndar sem skipuð er í samræmi við ákvæði viðauka N verður ekki áfrýjað. Ennfremur má kveða svo á í tilkynningu um keppni og í kappsiglingafyrirmælum að áfrýjun sé óheimil, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a) ef bráðnauðsynlegt er að ákveða þegar í stað úrslit í keppni sem sker úr um rétt báts til að taka þátt í síðari áfanga kappsiglingamóts eða síðara kappsiglingamóti (landsyfirvald getur kveðið svo á að slíkt fyrirkomulag skuli háð samþykki þess), eða
 - b) ef landsyfirvald samþykkir þetta fyrirkomulag fyrir tiltekið mót, sem aðeins er opið þátttakendum innan vébanda þess, eða
 - c) ef landsyfirvald samþykkir fyrirkomulagið að höfðu samráði við Alþjóðasiglingasambandið, enda sé dómurinn skipaður eins og kveðið er á um í viðauka N, að öðru leyti en því að aðeins tveir dómara þurfa að vera alþjóðlegir dómara.
- 70.6 Um áfrýjun og beiðni skal fara samkvæmt viðauka F

71 NIÐURSTAÐA LANDSYFIRVALDS

- 71.1 Enginn hagsmunaaðili eða kærunefndarmaður skal taka nokkurn þátt í umræðum eða ákvörðun um niðurstöðu varðandi áfrýjun eða beiðni um staðfestingu eða leiðréttingu.
- 71.2 Landsyfirvald getur staðfest, breytt eða ógilt niðurstöðu kærunefndar, lýst kæru eða beiðni um leiðréttingu ógilda, vísað kærunni eða beiðninni til baka til endurupptöku, eða vísað kærunni eða beiðninni um leiðréttingu aftur til sömu kærunefndar eða annarrar kærunefndar til nýrrar vitnaleiðslu og niðurstöðu.
- 71.3 Telji landsyfirvald að málavextir, sem fyrir liggja frá kærunefnd sýni að bátur, sem var aðili að kærunni, hafi brotið reglu, skal það refsa honum hvort sem bátsins eða reglunnar var getið í niðurstöðu kærunefndar eða ekki.
- 71.4 Niðurstaða landsyfirvalds er endanleg. Landsyfirvaldið skal senda niðurstöðu sína skriflega til allra aðila að kærunni og til kærunefndar, sem skal vera bundin af niðurstöðunni.

6. KAFLI, SKRÁNING OG HLOTGENGI**75 AÐ SKRÁ SIG Í KEPPNI**

- 75.1 Til þess að vera skráður til keppni skal bátur fullnægja kröfum þess yfirvalds sem heldur mótið. Þeir sem mega skrá bát eru:
- félagar í siglingafélagi eða öðru félagi innan vébanda viðkomandi landsyfirvalds
 - siglingafélag eða annað félag
 - aðili að landsambandi
- 75.2 Keppendur skulu fara eftir ISAF reglugerð 19, hlutgengisreglum.

76 ÚTILOKUN BÁTA EÐA KEPPENDA

- 76.1 Skipuleggjanda siglingakeppni eða keppnisstjórn er heimilt að hafna eða ógilda skráningu báts eða útiloka keppanda, sbr. þó reglu 76.2, enda sé það gert fyrir byrjun fyrstu keppni og ástæðan rökstudd. Skipuleggjandi móts eða keppnisstjórn skal þó ekki hafna eða ógilda skráningu báts eða útiloka keppanda vegna auglýsingar, enda fari báturinn eða keppandinn eftir ISAF reglugerð 20, auglýsingareglum.
- 76.2 Sé um að ræða alþjóðleg mót eða álfumót skal ekki hafna eða ógilda skráningu innan setts kvóta nema að fengnu samþykki viðkomandi alþjóðaflokkssambands (eða Úthafskappsiglingaráðsins (ORC)), eða ISAF.

77 SEGLAMERKINGAR

Bátur skal fara eftir fyrirmælum í viðauka G um flokksmerki, þjóðernisbókstafi og seglanúmer.

78 FLOKKSREGLUR OG MÆLIBRÉF

- 78.1 Eigandi báts eða hver sá sem ber ábyrgð á honum skal tryggja að bát sé við haldið í samræmi við flokksreglur og að mælibréf hans eða forgjafarskírteini, þar sem það á við, sé í gildi.

78.2 Þegar regla gerir kröfu um að skírteini sé framvísað fyrir keppni, og skírteininu er ekki framvísað, má báturinn keppa enda fái keppnisstjórn í hendur skriflega yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðarmanni bátsins, að til sé gilt skírteini og að það verði afhent keppnisstjórn fyrir lok mótsins. Ef skírteini er ekki skilað á tilsettum tíma skal vísa bátinum frá öllum umferðum mótsins.

78.3 Þegar skoðunarmaður búnaðar eða mælingamaður móts kemst að þeirri niðurstöðu að bátur eða búnaður keppanda samræmist ekki flokksreglum, skal hann tilkynna skriflega um málið til keppnisstjórnar.

79 FLOKKUN

Ef kappsiglingareglur eða flokkareglur krefjast þess að sumir eða allir keppendur fullnægi reglum um flokkun, skal flokkun fara fram eins og lýst er í ISAF reglu 22, flokkun siglingamanna.

80 AUGLÝSINGAR

Bátur og áhöfn hans skulu fara eftir ISAF reglugerð 20, auglýsingareglum.

81 ANNAR KEPPNISTÍMI ÁKVEÐINN

Þegar annar keppnistími hefur verið ákveðinn, skulu allir þeir bátar sem skráðir voru í upphaflegu keppnina látnir vita. Ef keppnisstjórn samþykkir má skrá aðra báta til keppni í samræmi við kröfur um skráningu í hina upphaflegu keppni.

7. KAFLI. SKIPULAGNING KEPPNI

85 GILDANDI REGLUR

Skipuleggjandi siglingakeppni, keppnisstjórn, kærunefnd skulu hlíta ákvæðum þessara reglna um framkvæmd og dómgæslu.

86 BREYTINGAR Á REGLUM

86.1 Keppnisreglu má ekki breyta, nema það sé leyft í sjálfri reglunni og samkvæmt eftirfarandi:

- Breyta má reglu með fyrirmælum landsyfirvalds, þó ekki skilgreiningum, reglu í inngangi; kaflanum um íþróttamennsku og reglurnar; kafla 1, 2 og 7; reglum 42, 69, 70, 71, 75, 76.2, 79 eða 80. Ennfremur má ekki breyta reglum í viðauka sem breyta einhverri af þessum greinum eða reglum í viðauka H, eða N; eða reglum ISAF 19, 20, 21 eða 22.
- Í kappsiglingafyrirmælum má breyta reglum, þó ekki reglu 76.1, viðauka F eða reglum sem taldar eru upp í reglu 86.1 (a). Þó geta kappsiglingafyrirmæli breytt í *þriggja bátslengda svæði* í tveggja eða fjögura bátslendgdarsvæði. umhverfis *merki*, svo fremi að sama tala gildi um öll *merki* og alla báta sem nota þessi *merki*. Ef í kappsiglingafyrirmælum reglu er breyt eða skilgreiningu, skal

- tilgreina hvaða reglu eða skilgreiningu átt er við og tilgreina breytinguna.
- c) Með flokksreglum má einungis breyta reglum 42, 49, 50, 51, 52, 53 og 54. Slíkar breytingar skulu tilgreina regluna og tilgreina breytinguna.
- Ath. seinni setning í þessari reglu tekur gildi 1. janúar 2011.

86.2 Þrátt fyrir grein 86.1 er ISAF heimilt, í einstökum tilvikum, að heimila breytingar á kappsiglingareglunum í tilgreindum alþjóðlegum kappsiglingamótum (sjá ISAF reglugerðir 31.1.3). Heimildin skal tilkynnt mótshaldara bréflega, og skal tekin fram í kappsiglingafyrirmælum og bréfið skal sett upp á opinberri tilkynningatöflu mótshaldara.

86.3 Hafi landsyfirvald mælt svo fyrir skulu þessar takmarkanir ekki gilda er reglum er breytt til að þróa eða prófa breytingar á reglum. Landsyfirvald getur mælt fyrir um að samþykki þess þurfi fyrir slíkum breytingum.

87 BREYTING Á FLOKKAREGLUM

Einungis má breyta flokkareglum ef það er leyft í flokkareglunum sjálfum, eða þegar skriflegt samþykki frá flokkssambandinu er birt á tilkynningartöflu mótsins.

88 FYRIRMÆLI LANDSYFIRVALDS.

88.1 Fyrirmæli sem gilda um keppni eru fyrirmæli landsyfirvalds þess sem skipuleggjandi keppni tilheyrir samkvæmt reglu 89.1. Ef bátar fara um svæði fleiri en eins landsyfirvalds þegar þeir keppa, skulu kappsiglingafyrirmæli tilgreina hvenær og hvaða fyrirmæli gilda.

88.2 Kappsiglingafyrirmæli geta breytt fyrirmælum. Þó getur landsyfirvald takmarkað breytingar á fyrirmælum sínum með tilvísun til þessarar reglu svo fremi að ISAF samþykki. Fyrirmælum sem ekki má breyta samkvæmt landsyfirrmælum er óheimilt að breyta með kappsiglingafyrirmælum.

89 MÓTSHALDARAR, TILKYNNING UM KEPPNI; SKIPUN EMBÆTTISMANNA

89.1 Mótshaldarar.

Eftirtaldir hafa heimild til að halda mót:

- ISAF
- landsyfirvald, sem er aðili að ISAF,
- félag eða stofnun innan vébanda landsyfirvalds,
- flokkssamband, annað hvort með samþykki landsyfirvalds eða í samstarfi við félag innan vébanda landsyfirvalds,
- aðili utan vébanda landsyfirvalds í samvinnu við félag innan vébanda landsyfirvalds, þar sem viðkomandi aðili er í eigu félags innan vébanda landsyfirvalds eða lýtur yfirlýðingum slíks félags. Landsyfirvald eða félag innan vébanda þess geta sett fyrirmæli um að samþykki þeirra sé áskilið fyrir slíku móti, eða

- f) aðili utan vébanda landsyfirvalds í samvinnu við félag innan vébanda landsyfirvalds, þar sem viðkomandi aðili er ekki í eigu viðkomandi félags né lýtur yfirráðum þess, enda liggi þá fyrir samþykki ISAF og landsyfirvalds félagsins.

89.2 Tilkygning um keppni; skipun embættismanna

- a) Skipuleggjandi móts skal gefa út tilkygningu um keppni eins og kveðið er á um í reglu J1. Tilkygningu um keppni má breyta sé það tilkynt með fullnægjandi hætti
- b) Mótshaldari skal skipa keppnisstjórn og, ef við á, kærunefnd og dómara. Heimilt er þó að ISAF skipi keppnisstjórn, alþjóðlega dómnefnd og dómara samkvæmt reglum ISAF.

90 KEPPNISSTJÓRN, KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI OG STIGAGJÖF

90.1 Keppnisstjórn

Keppnisstjórn skal halda keppni í samræmi við fyrirmæli skipuleggjanda kappmóts og samkvæmt *reglunum*.

90.2.2 Kappsiglingafyrirmæli

- a) Keppnisstjórn skal gefa út skrifleg kappsiglingafyrirmæli í samræmi við reglu J2.
- b) Þegar við á og búist er við keppendum frá öðrum þjóðum skal vera ensk þýðing á viðeigandi fyrirmælum landsyfirvalds birt í kappsiglingafyrirmælum
- c) Breytingar á kappsiglingafyrirmælum skal tilkynna skriflega innan tilskilins tíma með því að hengja þær upp á hina opinberu tilkygningatöflu mótsins, eða, ef breytingin er gerð úti á sjó, með því að koma tilkygningu til allra báta áður en aðvörunarmerki þeirra er gefið. Munnlegar breytingar má aðeins tilkynna úti á sjó ef getið er um fyrirkomulag slíkra munnlegra breytinga í kappsiglingafyrirmælum.

90.3 Stigagjöf

- a. Keppnisstjórn skal gefa stig í keppni eða keppnisröð samkvæmt viðauka A, með lágstigakerfinu, nema í kappsiglingafyrirmælum sé tilgreint bónusstigakerfið eða annað kerfi. Gefa skal stig ef ekki er hætt við keppni og ef einn bátur siglir brautina í samræmi við reglu 28.1 og lýkur keppni innan tímatakmarka, ef einhver voru, jafnvel þótt hann hætti keppni eftir að hafa lokið henni eða sé vísað úr keppni.
- b. Þegar gert er ráð fyrir því í stigakerfi að undanskilin séu úrslit við útreikning samanlagðs árangurs, skal ekki undanskilja úrslit vegna brots á reglu 2, síðustu setningar í reglu 30.3, eða reglu 42 þegar reglur 67, P2.2 eða P2.3 eiga við, eða reglu 69.1(b)(2). Þess í stað skal undanskilja næstverstu úrslit.

91 KÆRUNEFND

Kærunefnd skal vera:

- a) nefnd sem er skipuð af mótshaldara eða keppnisstjórn, eða
- b) alþjóðleg kærunefnd sem skipuð er af mótshaldara eða í samræmi við reglur ISAF og sem samræmist kröfum í viðauka N. Landsyfirvald getur mælt svo fyrir að samþykki þess þurfi til að skipa alþjóðlegar dómnefndir við mót sem haldin eru á yfirráðasvæði þess, nema um sé að ræða mót á vegum ISAF eða alþjóðleg dómnefnd sé skipuð af ISAF samkvæmt reglu 89.2(b).

SKILGREININGAR

Þegar hugtak er notað í sinni skilgreindu merkingu er það prentað með skálettri, eða með feitu skálettri þegar um er að ræða inngangskafla.

Að víkja Bátur *víkur* fyrir öðrum báti ef hinn báturinn getur siglt stefnu sína án þess að gera nokkuð til að forðast árekstur og, ef bátar skarast á sama hálsi, ef hléborðsbátur getur breytt stefnu í báðar áttir án þess að snerta strax kulborðsbát.

Aðili *Aðili* að vitnaleiðslu: kærandi, kærði, bátur sem fer fram á leiðréttingu eða keppnisstjórn óskar leiðréttingar fyrir eða sett fram af kærunefnd 60.3 (b) eða keppnisstjórn samkvæmt reglu 62.2.(b), bátur eða keppandi sem kann að vera refsað samkvæmt reglu 69.1; keppnisstjórn eða mótshaldari við vitnaleiðslu samkvæmt reglu 62.1 (a)

Eðlileg stefna Hver sú stefna sem seglbátur mundi *sigla* til að *ljúka keppni* á sem skemmstum tíma ef ekki kæmu til þeir bátar sem vísað er til í reglunni þar sem hugtakið er notað. Ekki er um að ræða neina *eðlilega stefnu* fyrr en ræsingarmerki hefur verið gefið.

Frestun Kappsiglingu er *frestað* ef hún er ekki hafin á réttum tíma en getur farið fram síðar eða við hana hætt.

Hagsmunaaðili Hver sá, sem gæti hagnast eða tapað á úrskurði *kærunefndar* eða sem hefur nána persónulega hagsmuni tengda niðurstöðunni.

Á hálsi; stjórnborðsháls; bakborðsháls Bátur siglir á þeim *hálsi* (stjórnborðshálsi eða bakborðshálsi) sem svarar til *kulborða* hans.

Að hefja keppni Bátur *hefur keppni* þegar einhver hluti bátsskrokks, áhafnar eða búnaðar fer yfir ráslínu í átt að fyrsta merki eftir að hann hefur allur verið rásmegin við ráslínu, og farið eftir reglu 30.1 ef hún á við

Hindrun *Hindrun* er hver sá hlutur sem seglbátur getur ekki siglt fyrir án þess að breyta verulega um stefnu ef hann væri á siglingu beint í átt til þess í einnar eigin bátslendar fjarlægð frá því. Hlutur sem aðeins er hægt að komast framjá öðru megin er hindrun og einnig hlutur sem í kappsiglingafyrirmælum er skilgreindur sem hindrun. Bátur sem er að *keppa* er hins vegar ekki hindrun fyrir aðra báta nema þeim beri að *víkja* fyrir honum eða regla 22 gildir, um að forðast hann. Bátur á siglingu þar með talinn bátur í keppni er aldrei samfelld hindrun

Hléborði og kulborði *Hléborði* seglbáts er sú hlið bátsins sem snýr undan vindi, eða sneri undan vindi í ef hann er með stefnið upp í vindinn. Þegar bátur siglir beint undan vindi er hléborðinn sú hlið bátsins þar sem stórseglið er. Hin hliðin er *kulborði*. Þegar tveir bátar á sama *hálsi* skarast, er sá sem er á *hléborða* við hinn *hléborðsbátur*. Hinn er *kulborðsbátur*.

Keppa Seglbátur *keppir* frá því að undirbúningsmerki hans hefur verið gefið þar til hann hefur *lokið keppni* og er laus af marklínu og frá marklínumerkjum eða hætt keppni eða þar til keppnisstjórn gefur merki um almenna afturköllun, frestun, eða að hætt hafi verið við keppnina.

Kulborði Sjá Hléborði og kulborði.

Þriggja bátslengda svæði: Svæði umhverfis *merki* sem er innan þriggja bátslengda þess báts sem er nær því. Bátur er inni á þriggja bátslengda svæði þegar einhver hluti skrokksins er á þriggja bátslengda svæði.

Kæra Ásökun báts, keppnisstjórnar eða kæruneftndar samkvæmt reglu 61.2 um að bátur hafi brotið reglu.

Laus fyrir aftan eða laus fyrir framan; skörun Bátur er *laus fyrir aftan* annan bát þegar skrokkur hans og útbúnaður í eðlilegri stöðu eru aftan við ímyndaða línu sem dregin er þvert frá aftasta hluta annars bátsskrokks eða útbúnaðar í eðlilegri stöðu. Hinn báturinn er *laus fyrir framan*. Bátar *skarast* þegar hvorugur bátur er *laus fyrir aftan*. Einnig telst það skörun þegar bátur sem siglir milli þeirra *skarast* við báða.

Þessi hugtök gilda alltaf um báta á sama hálsi. Þau gilda ekki um báta á gagnstæðum hálsi nema regla 18 eigi við, eða báðir bátar sigla meira en 90° frá vindi.

Að ljúka keppni Bátur *lýkur keppni* þegar einhver hluti bátsskrokksins, áhafnar eða búnaðar í eðlilegri stöðu fer yfir endamarkalínu í stefnu brautarinnar frá síðasta *merki*, annað hvort í fyrsta sinn, eða eftir að hafa tekið út refsingu samkvæmt reglu 44.2, eða eftir að hafa leiðrétt mistök við marklínu samkvæmt reglu 28.1

Merki Merki er hver sá hlutur sem tilgreindur er í kappsiglingafyrirmælum að seglbátur þurfi að sigla fyrir eða framhjá á tiltekið borð eða keppnisstjórnarbatú sem umflotinn er vatni og markar annan enda ráslínu eða marklínu. Legufæri eða hlutur sem kann að vera áfastur *merkinu* af tilviljun eða um stundarsakir telst ekki hluti þess.

Rúm við merki. Rúm báts til að sigla að *merki*, og síðan *rúm* til að sigla eðlilega stefnu þegar hann er við *merki*. Þó gefur *rúm við merki* ekki rúm til að venda nema hann hafi skörun áveðurs og innri bátur á að gefa rúm við *merki*.

Að hætta við keppni Kappsigling sem keppnisnefnd eða kæruneftnd hættir við er *ógild* en hana má endurtaka.

Regla

- (a) Þessar kappsiglingareglur, að meðtöldum skilgreiningum, merkjafánum, inngangsköflum, inngangsorðum og reglum í viðeigandi viðaukum, en að undanskildum fyrirsögnum;
- (b) ISAF reglugerð 19, hlutgengisreglur, regla 20, reglur um auglýsingar, regla 21, reglur um misnotkun lyfja og ISAF reglugerð 22, um flokkun siglingamanna.
- (c) sérstök fyrirmæli landsyfirvalds, nema þeim sé breytt með kappsiglingafyrirmælum í samræmi fyrirmæli landsyfirvalds skv. reglu 88, ef einhver eru;
- (d) flokkareglur (fyrir báta sem keppa eftir forgjafarreglum eða flokkareglum, en þær reglur teljast “flokkareglur”)
- (e) tilkynningin um keppni;
- (f) kappsiglingafyrirmælin; og

(g) hver þau skjöl, sem gilda um tiltekið kappsiglingamót.

Rúm Rúm er það svigrúm, sem bátur þarf við ríkjandi aðstæður til að unnt sé að stjórna honum að hætti góðrar sjómennsku.

Skörun Sjá *Laus fyrir aftan og Laus fyrir framan; skörun*.

Sækir að merki: Bátur sækir að merki þegar hann er í stöðu til að fara fyrir merki áveðurs eða er fara fyrir merki réttu megin án þess að venda